



# Niðurstöður hópavinnu

## Hvert er hlutverk náttúruverndarnefnda?

Föstudaginn 29. október 2010 var haldinn ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaganna í Menntaskólanum í Borgarnesi, í boði Borgarbyggðar. Þema fundarins var "hlutverk, staða, framtíðarsýn" og voru ýmis erindi flutt á fundinum sem tengdust því þema. Þegar erindum lauk var fundarmönnum skipt niður í hópa þar sem eftirfarandi spurningar voru ræddar og er niðurstöður þeirrar vinnu að finna hér.

## HVAÐA MÁLAFLOKKAR ERU FYRIRFERÐAMESTIR HJÁ NÁTTÚRUVERNDARNEFNDUM?

- » Úrgangur (sorp), fráveitumál, mengunarmál, fræðsla og kynningarmál um umhverfismál, utanvega akstur, ágengnar tegundir, eftirlit, umsagnir, samgöngumál, verkefni fyrir staðardagskrá 21.
- » Aðilar eru sammála um að nefndirnar gegni mikilvægu fræðsluhlutverki.
- » Aðilar eru sammála um að umhverfismál almennt séu algengari í umfjöllun nefndanna en náttúruverndarmál.
- » Aðilar voru sammála um að hlutverk nefndanna væri misjafnt eftir sveitarfélögum og virðist stærð sveitarfélaga skipta þar máli.
- » Aðilar voru sammála um að fyrirferðamestu málin væru umsagnir/álitsgjafir og viðbrögð við einstaka málum.

## HVERNIG ERU NEFNDIRNAR Í STAKK BÚNAR AÐ VINNA ÚR MÁLUM SEM ÞEIM BERAST?

- » Hlutverk náttúruverndarnefnda í stjórnslu er almennt ekki sterkt, t.a.m. hafa umhverfisnefndir og náttúruverndarnefndir ekki ákvörðunarvald. Tengsl við bæjar-/sveitarstjórnir eru oft veik og nefndir gjarnan fjársveltar. Valdleysi er mikið.
- » Sveitarfélög ættu að huga að samvinnu og samstarfi í málaflokkum innan svæða þar sem hagsmunir fara saman.
- » Úrvinnsla mála fer eftir kjörnum fulltrúum, sumstaðar er lítill áhugi á málaflokkum.
- » Getur verið vandamál í smærri sveitarfélögum að fagþekkingu og áhuga vanti hjá nefndarmönnum vegna annarra áherslna í samfélaginu. Mörg sveitarfélög eru farin að starfa í gegnum staðardagskrá 21 og þannig safnast saman þekking.
- » Góðar bókanir styrkja afgreiðslu mála áfram.
- » Samstarf við náttúrustofur er mikilvægt.
- » Fræðsla er eitt mikilvægasta hugtakið þegar kemur að umhverfis- og náttúruverndarmálum
- » Bent var á að gott væri að útbúa kennsluefni fyrir nýja nefndarmenn.
- » Eftirfylgni með málum er mikilvæg.
- » Umhverfisnefndir þurfa að vera meira umhverfismiðaðar – ekki framkvæmdamiðaðar.

## HVER ER FRAMTÍÐ NÁTTÚRUVERNDARNEFNDA SVEITARFÉLAGANNA?

- » Umhverfisnefnd getur bæði séð um náttúruvernd og umhverfismál.
- » Rétt er að hafa náttúruverndarnefnd og umhverfisnefnd undir sama hatti og skipulagsnefnd sér.
- » Mikilvægt er að náttúruverndar- og umhverfisnefndir séu jafnar öðrum nefndum og hafi fastan starfsmann. Ef nefndir eru minni þá hafa þær oft minna vægi innan sveitarstjórna.
- » Mikilvægt er að formaðurinn sé fulltrúi í bæjarstjórn/sveitarstjórn því það þarf að hafa tengingu inn í sveitarstjórnina.
- » Fólk þarf að starfa saman á stærri svæðum t.d. með samstarfi náttúruverndarnefnda.
- » Draga þarf saman þá kunnáttu sem fyrir finnst.
- » Sveitarfélög ættu að hafa umsjón með friðlýstum svæðum í héraði.
- » Verkefni nefndanna eru oft óljós og þurfa að vera skýrari.
- » Ákveðin óvissa en samt tækifæri. Viðhorfsbreyting er að eiga sér stað.
- » Setja þarf upp samræmt form á tölvutæku formi fyrir ársskýrslu nefnda til Umhverfisstofnunar, miðlægan gagnagrunn með samræmdum upplýsingum í ársskýrslum.
- » Framtíðin er björt og náttúruverndar- og umhverfismál koma til með að fá meira vægi.



## Breyting á náttúruverndarlögum

### ÞARF AÐ SKERPA Á HLUTVERKI NÁTTÚRUVERNDARNEFNDA OG ÞÁ HVERNIG?

- » Hugtakið náttúruverndarnefnd er fornt í dag – skilgreina þarf betur heiti nefndanna og gæti það verið umhverfis- og náttúruverndarnefnd.
- » Aðskilja þarf náttúruverndarnefndir frá skipulagi. Skýra þarf vel í náttúruverndarlögum hlutverk og valdheimildir nefndanna.
- » Skerpa þarf hlutverk náttúruverndarnefndanna og vald þeirra og styrkja lögin í kringum náttúruverndina. Það er ekki eðlilegt að sveitarstjórnir afgangi málin án þess að nokkur hafi neitt um það að segja. Setja þarf ákvæði í lögin um leiðir til að náttúruverndarnefndum/umhverfisnefndum sé gert hærra undir höfði í stjórnsýslunni.
- » Skerpa þarf á fræðsluhlutverki náttúruverndarnefnda í lögum.
- » Skerpa þarf á almannaréttinum.
- » Samkvæmt núverandi lögum virðist hlutverk nefndanna vera viðfeðmt og mikilvægt, en er svo bara umsögn um mikilvæg mál eða ráðgjafandi.
- » Það vantar sterkari refsíákvæði í náttúruverndarlögum.
- » Af hverju er lögsaga ferils friðlýsinga hjá skipulagsnefndum?
- » Oft leita sveitarfélögin ekki umsagnar náttúruverndarnefnda vegna framkvæmda. Því þarf að tryggja betur aðgang nefndanna að ákvarðanatökum. Umhverfisstofnun ætti að vera meira leiðbeinandi. Hugsanlega komi á 1-2 ára fresti til nefnda til fræðslu.
- » Hlutverk nefndanna við eftirlit mótvægisáðgerða framkvæmda á viðkvæmum svæðum þarf að vera skýrt.
- » Samkvæmt náttúruverndarlögum frá árinu 1999 þá á umhverfisráðherra að gera reglugerð um störf náttúruverndarnefnda – ekki verið gert ennþá.
- » Flétta þarf inn í ný náttúruverndarlög, ákvæðið/hugtakið um sjálfbæra þróun.